



**Varðar: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) um mál nr. S-19/2018-Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum**

Verkfræðingafélag Íslands hefur á síðastliðnum tveimur árum haldið tvær ráðstefnur um undirbúning framkvæmda sem falla undir lög nr. 106/2000.

Þar kom ítrekað fram að brotalöm er á framkvæmd laganna. Aðilar geta lagt fram kærur vegna útgáfu framkvæmdaleyfa án þess að hafa gert athugasemdir á fyrri stigum undirbúningsferlisins þrátt fyrir að hafa átt þess kost. Þetta leiðir til óvissu og í tilfelli opinberra framkvæmda til aukins kostnaðar sem jafnan fellur á almenning og getur leitt til tafa á nauðsynlegum framkvæmdum sem er ætlað að styrkja innviði.

Jafnframt vekur VFÍ athygli á að lögin virðast virka þannig í reynd að ekki er samræmi milli fjölda kærumála á grundvelli laganna með tilvísun í Árórsasamkomulagið, annars vegar og afgreiðslugetu Úrskurðarnefndar Umhverfis og Auðlindamála hins vegar. Þetta kemur skýrt fram í frétt á vef Úrskurðarnefndarinnar, dagsett 12.01.2018: (<http://uua.is/?c=frettir&id=20&lid=&pid=>).

Því telur VFÍ rétt að velta upp þeirri spurningu hvort verið sé að misnota kærheimildir. Félagið telur nauðsynlegt að viðkomandi ákvæði verði skoðuð, einkum með það í huga að fækka möguleikum til að vera með tilhæfulausan málf lutning á grundvelli þessara laga.

Verkfræðingafélag Íslands áskilur sér rétt til að fylgja þessari umsögn eftir með frekari athugasemdum á seinni stigum þegar frumvarpið verður lagt fyrir Alþingi.

Reykjavík 8. mars 2018

Fyrir hönd stjórnar Verkfræðingafélags Íslands.

---

Páll Gíslason, formaður VFÍ.